

Aðalfundur Hverafugla haldinn 6. mars 2015 kl 16:00 í Þorláksetri

Einn af 5 formönnum kórsins Sæunn Freydís Grímsdóttir setti fund og bauð kórfélaga velkomna og stakk uppá Jónu Einarsdóttur sem fundarstjóra og Kristínu Dagbjartsdóttur sem ritara. Samþykkt.

1. Kristín las fundargerð síðasta aðalfundar. Engar athugasemndir voru gerðar, fundargerðin samþykkt.

2. Sæunn flutti yfirlit yfir starf kórsins árið 2014. Kórfélagar eru núna hátt í 40. Kórstarfið er breytingum háð en fastir liðir eru að kórinn syngur á jólafundi, áður var sungið á árshátíð eða þorrablóti og vorfundi. Fastar æfingar kórsins eru á fimmtudögum kl 16:00-18:00.

3. 2014 var sungið: 6. jan. Þrettándagleði í Hveragerði.

24. jan. á Hótel Örk hjá Hljómlistafélaginu, stjórn. Margrét Stefánsdóttir vegna fjarveru Ölla.

5. mars á Sparidögum á Örkinni, kl 22:00.

4. Dagana 14.-16. maí fóru 30 Hverafuglar í söngferð um Norðurland auk 14 félaga úr FEBH. Farið var í rútu frá ÞÁ bílum á Selfossi. Hópurinn gisti á Narfastöðum. Sungið var fyrir eldri borgarar viðsvegar um Norðurland og á heimleið var sungið í kirkjunni á Blönduósi. Fararstjórar voru Hrafnhildur Björnsdóttir og Sigurjón Guðbjörnsson, Örlygur Atli stórnaði kórnum eins og honum er einum lagið.

5. Æfingar á haustönn hófust um miðjan september, auk fastra æfinga var eftirfarandi á dagskrá. Föstudaginn 14. nóv. konur kl 13:00 karlar kl 14:00.

Laugardaginn 22. nóvember Kóramót í Hveragerðiskirkju með Söngkór Miðdalskirkju og Gleðigjöfunum úr Borgarfirði. Á eftir var farið á Hótel í kaffihlaðborð kr 1500, hver greiddi fyrir sig.

Sunnudaginn 7. des var sungið í Hveragerðiskirkju í morgunmessu, þar sem messa féll niður á 1. sunnudegi í aðventu vegna veðurs.

Fimmtudaginn 11. desember kl 14:00 á jólafundi FEBH og kl 20:00 á Heilsustofnun.

Fimmtudaginn 18. des kl 16:30 sungið á Ási hjúkrunarheimili, endað í súpu og pizzaveislu á Hoflandssetri.

Samtals sungið 6 sinnum á haustönn en mest er að gera fyrir jólin. Það féll niður söngur með kórum á Flúðum sem átti að vera í lok nóvember og einnig féll niður söngur á árshátíð FEBH í febrúar.

6. Gjaldkeri Bjarni Sæberg gerir grein fyrir reikningum kórsins. Auk Bjarna hefur Sigurjón Guðbjörnsson prókúru. Staða reikings 06.03.2015 er kr 241.120. Gott að eiga sjóð til að grípa í til að greiða t.d. fyrir minningarkort og blóm, geisladiska og veitingar söngstjóra. Mest af innkomnu fé er komið úr bauknum.

7. Tillaga lögð fram á aðalfundi Hverafugla um skipan 3ja manna stjórnar. Stjórnin leggur fram svohljóðandi tillögu: Stjórn Hverafugla verði þriggja manna stjórn í stað 5 manna eins og nú er. Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt með handaruppréttingu.

Eftirfarandi gáfu kost á sér í stjórn Hverafugla: Anna Jórunn Stefánsdóttir, Bjarni Sæberg og Sigurjón Guðbjörnsson.

8. Framkomin eftirfarandi tillaga frá Hrafnhildi Björnsdóttur: Tillaga um stjórnarkjör á aðalfundi Hverafugla 6. Feb 2015 .

Þrír eru í kjöri.

Kosning skal vera skrifleg (leynileg). Sá sem fær flest atkvæði er rétt kjörinn formaður. Hinir skipta með sér verkum.

Tillagan er umræðuhæf, bjóða skal uppá umræður.

Tillagan borin upp til atkvæða, einfaldur meirihlutur ræður.

Síðan eru tilnefndir 3 teljarar óháðir fyrri stjórn. Útnefndir teljarar sjá um að deila út blöðum með nöfnum þeirra sem eru í kjöri. Velja þann sem þeir vilja sem formann, safna saman og telja, afhenda síðan fundarstjóra sem tilkynnir úrslitin.

Umræðan um tillöguna m.a: Reynt var að mótmæla framkominni tillögu með ummælum eins og að verið væri að breyta lögum og alveg óþarfi þar sem stjórnin hefur séð um velja sér formann. Tiilaga er framkomin til að mótmæla því fyrirkomulagi , félagar vilja sjálfir fá að velja hver er í forsvari fyrir kórinn. Bjarni Sæberg baðst eindregið undan því að vera í kjöri, þannig að valið stóð á milli Sigurjóns og Önnu Jórunnar. Úrslit Anna Jórunn fékk 19 atkvæði og Sigurjón 5 atkvæði, þannig að Anna Jórunn er rétt kjörin formaður Hverafugla.

9. Ragnheiður gerði grein fyrir breytingu hjá raddformönnum. Fjóra gefur ekki kost á sér áfram sem raddformaður fyri alt en í hennar stað hefur Kristín Dagbjartsdóttir samþykkt að gefa kost á sér. Samþykkt. Stjórn Hverafugla fyrir næsta ár er skipuð eftir farandi: Anna Jórunn formaður, aðrir í stjórn Bjarni Sæberg og Sigurjón Guðbjörnsson.

Raddformann:

Sópran:Gréta Úrban. Alt: Kristín Dagbjartsdóttir.

Tenór: Svanur Jóhannesson.

Bassi: Guðmundur Einarsson.

10. Hljómlistarfélag Hveragerðis veitti kórnum kr 50.000 styrk til upptöku á lögum kórsins. Afgreiðslu málsins vísað til stjórnar kórsins.

11. Önnur mál. Sigurjón þakkar Sæunni fyrir samstarfið. Síðan tók Sæunn til máls og þakkaði fyrir sig og gott samstarf. Minnti kórfélaga á að sýna stjórnanda virðingu, hætta öllu skvaldri og að vera að segja hvort öðru til á æfingum, það er hlutverk stjórnanda að segja til ef með þarf. Sæunn var með tillögu um hvernig brjóta mætti upp dagskrá Hverafugla m.a með því að hafa Hverafugladag í mars vel fyrir fermingar. Opið hús ca. 13-17:00 . Stólaleikfimi. Bögglauppboð. Tollatrío og eða hljómsveit kórsins sett saman af þeim sem spilað geta á hljóðfæri. Söngur Hverafugla. Vöflukaffi. Síðan voru umræður um fjáröflun , hvort halda eigi Páskabingó. Umræður um ferðalög hvort þau eiga aðeins að vera fyrir kórfélaga eða sameiginlegar fyrir alla félaga FEBH. Skiptar skoðanir, engin niðurstaða af þessum umræðum. Að lokum tók nýkjörinn formaður til máls og þakkaði traustið, hlakkaði til að hefjast handa. Komið að kaffi, Allir orðnir kaffiþyrstir og nutu glæsilegra veitinga í boði þeirra þriggja sem hættu í stjórninni þ.e. Ragnheiðar, Sæunnar og Auðar.

Fundið slitið kl 17:30